

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. B 125/1788
komudagur 27.4.2000


Reykjavík 25. apríl 2000.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa, 567. mál og frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum nr. 34/1985, með síðari breytingum, 568. mál.

Frumvörpin eru efnislega samhljóða frumvörpum sem lögð voru fram á síðasta þingi og studdi Sjómannasamband Íslands þá frumvörpin. Meðfylgjandi er afrit af umsögn SSÍ sem gefin var 19. janúar 1999 um frumvörpin.

Sjómannasamband Íslands er enn sama sinnis og fyrir rúmu ári. Sjómannasamband Íslands telur að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvörpunum frá því þau voru lögð fram á síðasta þingi séu til bóta. Því er mælt með að frumvörpin verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 1999.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir sjóslysa, 283. mál.

Stjórn Sjómannasambands Íslands telur frumvarpið af hinu góða og vonast til að samþykkt þess sem lög frá Alþingi geti orðið til þess að slysum á sjó fækki í framtíðinni. Stjórn Sjómannasambands Íslands lýsir því yfir stuðningi við frumvarpið.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum, 284. mál.

Stjórn Sjómannasamband Íslands styður þær breytingar á siglingarlögunum sem fram koma í frumvarpinu. Rétt er þó að benda á að sennilega er 5. mgr. greinar 220 ofaukið í lagatextanum nái breytingarnar á 1. mgr. þeirrar greinar fram að ganga skv. frumvarpinu. Að öðru leyti telur Sjómannasamband Íslands að breytingarnar séu af hinu góða svo fremi að frumvarpið til laga um rannsóknir sjóslysa verði að lögum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson